

Verkefni: Varmjöfnuður. CO2 kælikerfi.

Inngangur.

Verkefnið er að gera varmajöfnuð á CO2 kerfi VMA í stofu I-03. Nemendur skulu kynna sér kerfið sem framkvæmt er með teikningalestri og sjónskoðun. Kerfið samanstendur af CO2 kælisamstæðu og sem álag á kerfið er glycolkerfi sem er hitað upp með raftúpu. Handbók kerfisins er einnig á Moodle.

Verkefnið.

Nemendur opni fyrir vatn að eimsvala, ræsa kerfið sem og álagið og stilli afköst þannig að kerfið sé í jafnvægi. Þegar kerfið er farið að keyra stöðugt skal lesa af rennslismælum bæði á glycolhlið (kælihlið) og eimsvalahlið (kælivatn eimsvala) taka niður rennsli og hitastig þ.e.a.s. þau gildi sem þarf til að gera varmajöfnuð.

Á panel kerfisins er gagnvirkt LogPh línurit. Nemandinn skráir gildi í töflu sem hann býr til og færir inn handvirkt inn á LogPh línurit fyrir CO2 og reiknar út afköst m.v. þær tölur sem lesnar eru af mælum. Síðan þarf að bera saman niðurstöður við uppgefin afköst á panel kerfisins.

Skil.

Nemendur búa sjálfir til samanburðarlista. Setjið upp hitastig og þrýstinga eftir því sem við á, í lista aflesturs og útreikninga. Sýnishorn af mæliblaði er á Moodle.

3-4 nemendur verða í hóp og er nægjanlegt að skila einu eintaki hópsins til kennara með nöfnum þáttakenda. Skjalið þarf að vera á PDF formi. Skila skal verkefninu eigi síðar en föstudaginn 10 mars.

Sævar Páll Stefánsson.